

# Lög Hagsmunafélag líffræðinema

**Kennitala: 441082-0459**

## 1. Kafli - Félagið

*1 gr.*

Félagið heitir Hagsmunafélag líffræðinema, skammstafað Haxi. Félagið hefur aðsetur í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík. Varnarþing þess er í Reykjavík.

*2. gr.*

Aðild að Haxa geta stúdentar fengið sem stunda nám við Háskóla Íslands. Félagsaðild má rukka fyrir og skal aðild gilda að hámarki tvö misseri eða eitt skólaár. Meðlimir Haxa fá forgang á viðburði á vegum Haxa. Stjórn félagsins er undanskilin félagsgjöldum.

*3. gr.*

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna, innan Háskólans og utan. Haxi skal vekja athygli félagsmanna og/eða líffræðinema á málum sem varðar líffræði og líffræðinema. Haxi skal standa að ferðum, fræðslufundum og skemmtunum fyrir líffræðinema og/eða félagsmanna og skal styðja við bakið á hvers kyns félagsstarfsemi meðal líffræðinema.

## 2. Kafli - Stjórn

*4. gr.*

Stjórn félagsins fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Hana skipa forseti, varaforseti, ritari, gjaldkeri og nýnemafulltrúi. Allar stöður, nema staða nýnemafulltrúa, skulu vera valdar á árlegum aðalfundi. Hlutverk stjórnarmeðlima eru eftirfarandi:

Forseti Haxa skal hafa lokið einu ári í líffræðinámi, nema ef skortur er á framboði. Forseti Haxa boðar fundi og stýrir þeim. Hann er talsmaður félagsins út á við og ber endanlega ábyrgð á starfi félagsins. Forseti skal hafa yfirsjón yfir verkefnum stjórnarmeðlima og sjá til þess að þeim sé fylgt eftir. Forseti skal sitja í stjórn NáttVerks og Líffræðifélags Íslands, sé það í boði. Hann skal gæta þess að meðlimir Haxa viti um tilvist félagsins og þannig ýta undir gott líffræðisamfélags.

Varaforseti Haxa skal hafa lokið einu ári í líffræðinámi, nema ef skortur er á framboði. Varaforseti skal skipuleggja og auglýsa vísindaferðir fyrir félagsmeðlimi. Varaforseti hefur umsjón yfir innra starfi félagsins og skal vinna náið með forsetanum.

Ritari Haxa ber ábyrgð á eignum Haxa, gögnum, fundargerðum og samfélagsmiðlum. Ritari gegnir hlutverki trúnaðarfulltrúa, skal halda utan um nafnlaust trúnaðarbox og skal auglýsa sig sem trúnaðaraðili fyrir félagsmönnum og líffræðinimum. Ritari er bundinn þagnarskyldu gagnvart persónulegum málum og skal gæta nærgætni í samskiptum sínum.

Gjaldkeri Haxa varðveitir félagssjóð, sér um skipulag fjármagns og hefur eftirlit með sjóðum félagsins. Gjaldkera ber skyldu til að sækja um styrki sem félaginu stendur til boða og hefur umsjón yfir þeim. Hann er eini varanlegi prókúruhafi félagsins en getur veitt öðrum félagsmönnum tímabundið prókúruumboð. Gjaldkeri skal vera fjárráða. Gjaldkeri ber ábyrgð á ársreikning félagsins sem skal vera kynntur og yfirfarin á aðalfundi.

Nýnemafulltrúi skal vera kjörinn í stöðu sína á fyrstu vikum skólans af öðrum nýnemum. Skal skipa í þessa stöðu um leið og kjörið er á nýju skólaári. Nýnemafulltrúi skal miðla upplýsingum frá stjórn Haxa til samnemenda sinna og gætir hagsmuna nýnema.

5. gr:

Fulltrúar fyrir hönd líffræðinema á námsbrautarfundum, deildarfundum, sviðsráðsfundum og deildarráðsfundum skulu deilast á meðlimi stjórnar.

6. gr:

Stjórnarfundir Haxa skulu vera opnir öllum félagsmönnum, þetta ákvæði skal tilkynna í byrjun hvers misseris. Stjórnarmeðlimir hafa atkvæðisrétt á fundum og atkvæði þeirra veiga jafnt og einfaldur meirihluti staðfestir ákvörðun, ef atkvæði standa á jöfnu ræður atkvæði forseta úrslitum. Gjaldkeri hefur neitunarvald hvað varðar fjármál félagsins.

7. gr:

Ef stjórnarmeðlimur hættir í námi við Háskóla Íslands á meðan stjórnartímabil hans stendur yfir hefur hann leyfi til að halda hlutverki sínu í stjórn Haxa, geti hann uppfyllt hana.

8. gr

Stjórnarmeðlimur getur lagt fram vantrauststillögu á stjórnarmeðlim. Ef meirihluti stjórnar er samþykktur ákvörðuninni þá má stjórn fjarlægja þann meðlim úr stjórn.

9. gr:

Ef stjórnarstaða er tóm á miðju skólaári má stjórn boða til óformlegrar kosningar til að fylla upp í þá stöðu, án þess að boða til aðalfundar. Staðan skal vera auglýst með að minnsta kosti viku fyrirvara.

### **3. Kafli - Aðalfundur**

*10. gr.*

Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins og skal haldinn í apríl ár hvert. Aðalfundur skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara og það skal kynna þau embætti sem kosið verður um. Auk þess skal auglýsa eftir lagabreytingartillögum og erindum sem félagsmenn vilja ræða á aðalfundi. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað og minnst tíu atkvæðisbærir félagsmenn sitja hann. Á aðalfundi gilda almenn fundarsköp. Stjórn Haxa hefur leyfi til að halda auka aðalfund yfir skólaárið sem hún situr í stjórn, sjái þau fram á að nauðsyn krefji.

*11. gr.*

Framboð sem bera á upp á aðalfundi skulu berast skriflega til stjórnar með minnst sólarhrings fyrirvara fyrir aðalfundinn. Hægt er að bjóða sig fram með styttri fyrirvara ef færri en tvö framboð eru í tiltekið embætti. Hægt er að tilnefna einstakling í embætti ef hann er samþykkur.

*12. gr.*

Á aðalfundi skal leggja fram skýrslu stjórnar sem fer yfir líðandi starfsár, ársreikningur skal vera skoðaður, lagabreytingar lagðar fram og önnur hagsmunamál rædd. Kjósa skal um lagabreytingar og skipun í embætti.

*13. gr.*

Stjórn félagsins skal skilja jákvæðri eignarfjárstöðu á aðalfundi í apríl. Ekki má skila fjármálum með bakreikningum. Reikningsár félagsins er milli aðalfunda.

*14. gr.*

Kosningarrétt og kjörgengi á aðalfundi hafa þeir félagsmenn sem borgað hafa félagsgjöld og sitja aðalfund.

#### **4. Kafli - Önnur ákvæði**

*15. gr.*

Félaginu verður einungis slitið á aðalfundi með 4/5 hluta greiddra atkvæða. Sé félaginu slitið skulu eignir þess fengnar líf- og umhverfisvísindadeild til varðveislu þar til hagsmunafélög sviðsins stofna annað félag eða endurvekja hið gamla, sem ótvírætt telst arftaki hins fyrra félags og fær það þá eignirnar.

*16. gr.*

Lögum þessum verður einungis breytt með meirihluta atkvæða á aðalfundi.

*17. gr.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.